



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 21. ágúst 2019



Þriðji fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 21. Ágúst 2019 kl.12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, , Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Magnús Karl Daníelsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
 - a. A landslið kvenna – Nýr landsliðsþjálfari (GBO)
GBO rakti atburði sumarsins en Arnar Pétursson tók við sem landsliðsþjálfari kvenna í sumar af Axel Stefánssyni sem eru þökkuð vel unnin störf.
 - b. Verkefni sumarsins hjá yngri landsliðum
RG kynnti niðurstöðu sumarsins hjá yngri landsliðum.
 - c. Viðburðardagatal haustsins
RG kynnti viðburðardagatal haustsins en það hefur verið sent á stjórnarmeðlimi og verður áfram uppfært á næstu dögum.
3. Skipan nefnda
Nefndir eru nánast allar klárar. Nefndarformenn eru beðnir um að senda á RG nöfn nefndarmiðlima fyrir næsta fund stjórnar en þá verða nefndirnar formlega samþykktar.
4. Breytingar á reglugerðum – formannafundur
Laganefnd mun vinna að breytingum á reglugerð sem lagðar verða fyrir stjórn þriðjudaginn 3. september. Í kjölfarið verður formannafundur að kvöldi 3. september í Valshöllinni á undan meistarakeppni HSÍ.
5. Hótelmál í Makedóníu
GBO rakti málavexti varðandi hótelmálið í Makedóníu en svar barst frá EHF í sumar um að þeir ætla ekki að viðhafast neitt. Stjórn HSÍ ákvað að fara í mál vegna þessa og mun GBO taka það að sér fyrir hönd HSÍ.
6. Gjaldskrá dómara
RG mun boða 5 formenn á fund ásamt AP þar sem málin verða yfirfarin.
7. Vídeó proof og annað varðandi útsendingar
RS lagði til að við myndum halda áfram vídeó proof og að dómarnefnd hefði heimild til að endurskoða reglurnar varðandi vídeó proof. Stjórn HSÍ veitti dómarnefnd fulla heimild til að vinna þetta áfram.
8. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður þriðjudaginn 3. september kl.12.00.



Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari